

Nd.

204. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á íslenskum mótorskipum.

Flm.: Páll Þorbjörnsson, Pétur Ottesen.

5. gr. laganna skal orða svo:

Sá hefir rétt til að vera 1. vélstjóri á mótorskipi með 150—500 hestafla vél, er verið hefir 2. vélstjóri við 150—500 hestafla vél í 24 mánuði, en rétt til að vera 2. vélstjóri við þá vélarstærð hefir sá einn, sem hefir verið 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél í 24 mánuði.

Þó skal vélstjóri, sem stundað hefir vélgæzlu í 36 mánuði sem 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél, miðað við gildistöku þessara laga, hafa rétt til að vera 1. vélstjóri við 150—500 hestafla vél.

Greinargerð.

Lagabreyting þessi er fram borin vegna kröfu fjölda margra vélstjóra og formanna í öllum aðalútgerðarstöðum landsins og byggð á þeirri nauðsyn, er af því leiðir, hve mjög mótórvélaafl hefir verið aukið í samskonar skipum, og þar að auki skipin stækkuð, síðan lög þessi voru samþykkt fyrir 10 árum. Það er sannanlegt, að í samskonar skipum og þá tíðkuðust voru 50—60 ha. mótórar, eru nú 130—150 ha. mótórar, jafnvel stærri, og má telja vist, að bátar stækki óðum og þar með mótórnir.

Nú vita allir, sem þekkingu hafa á mótorskipum, að breytingar á vélum við aukinn ha.-fjölda útheimtir ekki meiri kunnáttu, því aðallega koma til greina stærðarhlutföll á sömu hlutum.

Í þessum kröfum er miðað við svo langa verklega reynslu, því verklega þekkingin við þetta starf hefir virzt hafa mesta þýðingu, þó námsskeið Fiskifélagsins komi að mjög miklum notum og æskilegt væri, að þau væri hægt að fullkomna, eftir því sem kröfur til vélstjóra aukast. Vegna aukins vélaafls í mótorskipum er þegar vöntun á mönnum með réttindum samkvæmt gildandi lögum til þess að fullnægja þörfinni, en gnægð af mönnum með verklegri og bóklegri þekkingu til þessa starfs, ef réttindi þeirra verða aukin samkvæmt frumvarpinu.